

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur	Dagsetning:	30. mars 2023	Tími:	12:00 – 13:00
Fundarstaður:	Guðrúnartún 1 og Teams			
Fundarstjóri:	KS			
Ritari:	AH			
Á fundinn mættu:	Díana Óskarsdóttir (DÓ), Eydís Líndal Finnbogadóttir (ELF), Ingileif Oddsdóttir (IO), Kristján Sverrisson (KS) og Anna Hermansdóttir (AH), framkvæmdastjóri félagsins			
Fjarverandi:	Ásdís Ármansdóttir (ÁÁ), Bergþóra Þorkelsdóttir (BÞ), Björgvin Víkingsson (BV)			

Fundargerð stjórnarfundar FFR 30. mars 2023

1. Fundargerð stjórnarfundar 2. mars 2023

Fundargerð stjórnarfundar 2. mars sl. samþykkt.

2. Starfshópur forsætisráðuneytis um embættismannakerfið

KS greindi fundarmönnum frá stofnun starfshóps sem leggja á mat á stöðu embættismannakerfisins á Íslandi og starfsskilyrði starfsmanna ríkisins með hliðsjón af stöðu og þróun í nágrennalöndunum. Í tengslum við störf starfshópsins hélt forsætisráðuneytið í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála málþing í vikunni sem leið undir yfirskriftinni Embættismaðurinn í nútímasamfélagi: Verkfæri í þágu lýðræðis og varðmaður góðra stjórnháttanna. KS, ELF og AH sóttu málþingið. Svo virðist sem áherslan í störfum hópsins verði á fremur á stöðu embættismanna innan Stjórnarráðsins en á forstöðumönnum. Þetta er þó ekki að öllu leyti ljóst enn sem komið er en verði staða forstöðumanna skoðuð mun FFR vilja koma að þeirri vinnu.

3. Aðalfundur; fræðsludagskrá fyrir fundinn

Umræður um hvaða efni taka eigi fyrir á málstofu áður en hefðbundin aðalfundarstörf hefjast. Ýmislegt bar á góma, svo sem mannauðsmál stofnana, mönnun, sameiningar stofnana, starfsánægja, afleiðingar covid tímabilsins á vinnustaði, fjarvinna ofl.

4. Kjörnefnd

AH greindi frá því að kjörnefnd hefði komið saman og hefði þegar verið auglýst eftir framboðum til formanns og stjórnar FFR með framboðsfresti til miðnættis sunnudaginn 16. apríl nk. Kjörnefndin starfar samkvæmt sérstökum starfsreglum sem stjórn hefur samþykkt.

5. Vorferð

AH greindi frá fyrirhugaðri vorferð félagsins í Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri fimmtudaginn 27. apríl næstkomandi en dagskráin er óðum að taka á sig mynd. Opnað verður fyrir skráningar fljótlega eftir páska.

6. Vefsíðan

Fyrir liggur tilboð í hönnun og endurgerð vefs félagsins. Samþykkt.

7. Samráðsfundir KMR og FFR

KS gerði grein fyrir breyttu fyrirkomulagi KMR á vinnustofum fyrir nýja forstöðumenn. Þær eru fleiri en áður og ýmist haldnar í Arnarhvoli eða á Teams. Í framhaldinu verður skoðað hvernig til hefur tekist.

Umræður um stöðu FFR sem félags fallist héraðsdómur á álit UA um eðli launaákvarðana forstöðumanna samkvæmt grunnamtinu.

8. Önnur mál

FFR hefur skilað umsögn um frumvarp til laga um breytingu á safnalögum, lögum um Þjóðminjasafn Íslands og lögum um Náttúruminjasafn Íslands (samráð og skipunartími), 741. mál.